

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 71/2022

2022/EES/45/26

frá 18. mars 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1793 frá 20. nóvember 2018 um samþykki fyrir breytingum á tækniskjali fyrir landfræðilega merkingu fyrir brenndan drykk, sem er skráður í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008, sem leiðir til breytinga á nákvæmum skilgreiningum fyrir hann („Ron de Guatemala“ (GI)) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 ⁽²⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjútíð. ESB L 316I, 6.12.2019, bls. 3 og Stjútíð ESB L 178, 20.5.2021, bls. 4.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1350 frá 12. ágúst 2019 um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Absinthe de Pontarlier“) ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1682 frá 2. október 2019 um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Ямболска гроздова ракия/Гроздова ракия от Ямбол/Yambolska grozdova rakya/Grozdova rakya ot Yambol“) ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/154 frá 23. janúar 2020 um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Norsk Vodka/Norwegian Vodka“) ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/156 frá 23. janúar 2020 um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Norsk Akevitt/Norsk Aquavit/Norsk Akvavit/Norwegian Aquavit“) ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/179 frá 3. febrúar 2020 um samþykki fyrir breytingum á nákvæmri skilgreiningu fyrir brenndan drykk en heiti hans er skráð sem landfræðileg merking (Berliner Kömmel) ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/623 frá 30. apríl 2020 um samþykki fyrir breytingum á nákvæmri skilgreiningu fyrir brenndan drykk en heiti hans er skráð sem landfræðileg merking (Ratafia de Champagne) ⁽⁸⁾.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 294, 21.11.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 215, 19.8.2019, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjútíð. ESB L 258, 9.10.2019, bls. 6.

⁽⁵⁾ Stjútíð. ESB L 34, 6.2.2020, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjútíð. ESB L 34, 6.2.2020, bls. 13.

⁽⁷⁾ Stjútíð. ESB L 37, 10.2.2020, bls. 4.

⁽⁸⁾ Stjútíð. ESB L 144, 7.5.2020, bls. 10.

- 9) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1286 frá 9. september 2020 um samþykki fyrir breytingum á nákvæmri skilgreiningu fyrir brenndan drykk en heiti hans er skráð sem landfræðileg merking (Scotch Whisky) ⁽⁹⁾.
- 10) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1287 frá 9. september 2020 um samþykki fyrir breytingum á nákvæmri skilgreiningu fyrir brenndan drykk en heiti hans er skráð sem landfræðileg merking (Hierbas de Mallorca) ⁽¹⁰⁾.
- 11) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2079 frá 8. desember 2020 um samþykki fyrir breytingum á nákvæmri skilgreiningu fyrir brenndan drykk en heiti hans er skráð sem landfræðileg merking (Münchener Kümmel) ⁽¹¹⁾.
- 12) Reglugerð (ESB) 2019/787 fellir úr gildi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins 97/110/EB ⁽¹²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samningnum, og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 13) Reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 164/2012 ⁽¹³⁾, (ESB) nr. 1065/2013 ⁽¹⁴⁾, (ESB) nr. 97/2014 ⁽¹⁵⁾, (ESB) nr. 98/2014 ⁽¹⁶⁾, (ESB) nr. 426/2014 ⁽¹⁷⁾, (ESB) 2015/210 ⁽¹⁸⁾, (ESB) 2016/235 ⁽¹⁹⁾, (ESB) 2016/1067 ⁽²⁰⁾, (ESB) 2018/175 ⁽²¹⁾, (ESB) 2018/1098 ⁽²²⁾, (ESB) 2018/1850 ⁽²³⁾, (ESB) 2018/1871 ⁽²⁴⁾, (ESB) 2019/335 ⁽²⁵⁾ og (ESB) 2019/674 ⁽²⁶⁾, sem hafa verið teknar upp í EES-samningnum, hafa úrelst og því ber að fella þær brott úr EES-samningnum.
- 14) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um brennda drykki. Ákvæði löggjafar um brennda drykki skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XXVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 15) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XXVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta 9. liðar (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008):

„**32019 R 0787**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 (Stjtuð ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtuð. ESB L 316I, 6.12.2019, bls. 3 og Stjtuð. ESB L 178, 20.5.2021, bls.4.

⁽⁹⁾ Stjtuð. ESB L 302, 16.9.2020, bls. 4.

⁽¹⁰⁾ Stjtuð. ESB L 302, 16.9.2020, bls. 6.

⁽¹¹⁾ Stjtuð. ESB L 423, 15.12.2020, bls. 1.

⁽¹²⁾ Stjtuð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16.

⁽¹³⁾ Stjtuð. ESB L 53, 25.2.2012, bls. 1.

⁽¹⁴⁾ Stjtuð. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 48.

⁽¹⁵⁾ Stjtuð. ESB L 33, 4.2.2014, bls. 1.

⁽¹⁶⁾ Stjtuð. ESB L 33, 4.2.2014, bls. 3.

⁽¹⁷⁾ Stjtuð. ESB L 125, 26.4.2014, bls. 55.

⁽¹⁸⁾ Stjtuð. ESB L 35, 11.2.2015, bls. 16.

⁽¹⁹⁾ Stjtuð. ESB L 44, 19.2.2016, bls. 7.

⁽²⁰⁾ Stjtuð. ESB L 178, 2.7.2016, bls. 1.

⁽²¹⁾ Stjtuð. ESB L 32, 6.2.2018, bls. 48.

⁽²²⁾ Stjtuð. ESB L 197, 3.8.2018, bls. 7.

⁽²³⁾ Stjtuð. ESB L 302, 28.11.2018, bls. 1.

⁽²⁴⁾ Stjtuð. ESB L 306, 30.11.2018, bls. 7.

⁽²⁵⁾ Stjtuð. ESB L 60, 28.2.2019, bls. 3.

⁽²⁶⁾ Stjtuð. ESB L 114, 30.4.2019, bls. 7.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Ákvæði reglugerðarinnar skulu ekki hafa áhrif á rétt EFTA-ríkjanna til að banna á jafnréttisgrundvelli setningu á landsmarkaði sína á brenndum drykkjum til mannelis sem fara yfir 60% í alkóhólstyrkleika.
- b) EFTA-ríkjunum skal heimilt að senda áheyrnarfulltrúa á fundi nefndarinnar um brennda drykki, sem vísað er til í 47. gr., sem fjallar um málefni sem falla undir lagagerðir sem vísað er til í samningnum. Fulltrúar EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar, en hafa þó ekki atkvæðarétt.
- c) Staflidur d) í 4. mgr. bókunar 1 við samninginn skal ekki taka til III. kafla reglugerðarinnar.“

2. Eftirfarandi liðir bættast við á eftir lið 9a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2013):

- „9aa. **32018 R 1793:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1793 frá 20. nóvember 2018 um samþykki fyrir breytingum á tækniskjali fyrir landfræðilega merkingu fyrir brenndan drykk, sem er skráður í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008, sem leiðir til breytinga á nákvæmum skilgreiningum fyrir hann („Ron de Guatemala“ (GI)) (Stjttíð. ESB L 294, 21.11.2018, bls. 1).
- 9ab. **32019 R 1350:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1350 frá 12. ágúst 2019 um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Absinthe de Pontarlier“) (Stjttíð. ESB L 215, 19.8.2019, bls. 1).
- 9ac. **32019 R 1682:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1682 frá 2. október 2019 um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Ямболска гроздова ракия/Гроздова ракия от Ямбол/Yambolska grozdova rakya/Grozdova rakya ot Yambol“) (Stjttíð. ESB L 258, 9.10.2019, bls. 6).
- 9ad. **32020 R 0154:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/154 frá 23. janúar 2020 um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Norsk Vodka/Norwegian Vodka“) (Stjttíð. ESB L 34, 6.2.2020, bls. 1).
- 9ae. **32020 R 0156:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/156 frá 23. janúar 2020 um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Norsk Akevitt/Norsk Aquavit/Norsk Akvavit/Norwegian Aquavit“) (Stjttíð. ESB L 34, 6.2.2020, bls. 13).
- 9af. **32020 R 0179:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/179 frá 3. febrúar 2020 um samþykki fyrir breytingum á nákvæmri skilgreiningu fyrir brenndan drykk en heiti hans er skráð sem landfræðileg merking (Berliner Kümmel) (Stjttíð. ESB L 37, 10.2.2020, bls. 4).
- 9ag. **32020 R 0623:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/623 frá 30. apríl 2020 um samþykki fyrir breytingum á nákvæmri skilgreiningu fyrir brenndan drykk en heiti hans er skráð sem landfræðileg merking (Ratafia de Champagne) (Stjttíð. ESB L 144, 7.5.2020, bls. 10).
- 9ah. **32020 R 1286:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1286 frá 9. september 2020 um samþykki fyrir breytingum á nákvæmri skilgreiningu fyrir brenndan drykk en heiti hans er skráð sem landfræðileg merking (Scotch Whisky) (Stjttíð. ESB L 302, 16.9.2020, bls. 4).
- 9ai. **32020 R 1287:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1287 frá 9. september 2020 um samþykki fyrir breytingum á nákvæmri skilgreiningu fyrir brenndan drykk en heiti hans er skráð sem landfræðileg merking (Hierbas de Mallorca) (Stjttíð. ESB L 302, 16.9.2020, bls. 6).

- 9aj. **32020 R 2079:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2079 frá 8. desember 2020 um samþykki fyrir breytingum á nákvæmri skilgreiningu fyrir brenndan drykk en heiti hans er skráð sem landfræðileg merking (Münchener Kümmel) (Stjútíð. ESB L 423, 15.12.2020, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2018/1793 og (ESB) 2019/787, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjútíð. ESB L 316I, 6.12.2019, bls. 3 og Stjútíð. ESB L 178, 20.5.2021, bls. 4, og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2019/1350, (ESB) 2019/1682, (ESB) 2020/154, (ESB) 2020/156, (ESB) 2020/179, (ESB) 2020/623, (ESB) 2020/1286, (ESB) 2020/1287 og (ESB) 2020/2079, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. mars 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. mars 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.